



**Háskólinn
á Akureyri**

Hug- og félagsvísindasvið

Samfélags- og hagþróunarfræði

2010

Íslenskur landbúnaður

Fortíð, nútíð og framtíð

Guðbergur Egill Eyjólfsson

Lokaverkefni í Samfélags- og hagþróunarfræði



**Háskólinn
á Akureyri**

Hug-og félagsvísindasvið

Samfélags- og hagþróunarfræði

2010

Íslenskur landbúnaður

Fortíð, nútíð og framtíð

Guðbergur Egill Eyjólfsson

Lokaverkefni til 180 eininga B.A.-prófs

á Hug- og félagsvísindasviði

Leiðbeinandi: Jón Haukur Ingimundarson

Ég lýsi því hér með yfir að ég einn er höfundur þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsókna.

Guðbergur Egill Eyjólfsson

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómum kröfum til B.A.-prófs á Hug- og félagsvísindasviði.

Jón Haukur Ingimundarson

Útdráttur

Íslendingar hafa treyst á landbúnaðinn frá upphafi byggðar og ekki að ástæðulausu. Þeir hafa löngum þurft að bjarga sér sjálfir um helstu nauðsynjar og meðan svo var gerðu þeir sér grein fyrir nauðsyn þess að framleiða sjálfir það sem mikilvægast væri fyrir þeirra lífsafkomu. Í breyttum heimi hafa bæði viðhorf breyst og skilningur minnkað á mikilvægi og gildi landbúnaðarins í íslensku samfélagi. Í þessari ritgerð er gerð tilraun í stuttu máli að gera grein fyrir sögu landbúnaðarins, gildi hans og vægi í samtímanum og aðeins velt vöngum yfir framtíðar horfum þessarar mikilvægu undirstöðu byggðar á Íslandi.

Miklar sviptingar hafa fylgt landbúnaðinum undanfarna áratugi og virðist þeim hvergi nærri lokið. Mikil samþjöppun hefur orðið í þeim fjórum búgreinum sem fjallað er um í ritgerðinni, það er svína-, kjúklinga-, nauta-, og sauðfjárrækt. Bændum fækkar, búin stækka og ekki er enn séð fyrir endann á hvar sú þróun endar. Breytt neyslumynstur íslenskra neytenda hefur haft og mun hafa mikil áhrif á hvernig landbúnaðurinn þróast í framtíðinni. Megin niðurstaðan er þó þessi að Íslendingar þurfa að ákveða fyrr en seinna hvort taka eigi landbúnaðarframleiðslu hérlandis alvarlega og þá skapa þeim sem vinna að framleiðslunni mannsæmandi lífskilyrði. Einnig þarf þjóðin að ákveða fyrir alvöru hvort hún ætlar að vera sjálfri sér næg um matvæli og tryggja þar með fæðuöryggi á þessari klettaeyju eða taka þá áhættu að vera öðrum háðir um aðrar eins nauðsynjar og matvæli eru.

Abstract

Icelanders have relied on agriculture since their country was first settled, and for important reasons. They have long had to be self-sufficient with respect to basic subsistence needs and did realize the importance of producing the essential things for their own sustenance and well-being. In the world of today, attitudes have changed and understanding has diminished toward the significance and important value of agriculture for Icelandic society. This thesis is an attempt to briefly describe the history of Icelandic agriculture and its significance for today's society; also, it contemplates the future prospects agriculture as pivotal for sustainability.

Icelandic agriculture has gone through major transformation during recent several decades and that this rapid process of change has not come to a halt. Much compaction has occurred within the four branches of agriculture with which this thesis is concerned, that is the productions of pork, chicken, cattle and sheep. The number of farmers is declining while the farms are getting bigger, and this process is continuing. Changes in patterns of consumption among the Icelandic population have had and will continue to have major impacts on the ways in which Icelandic agriculture will develop in the future. A main conclusion is that Icelanders must sooner or later decide whether or not to come to terms with the critical importance of domestic food production, and whether to create viable living conditions for farmers. The nation must furthermore determine whether to become self-sufficient in food production or to take a chance that food security can be sustained indefinitely without domestic agriculture.

Þakkarorð

Ég vil þakka dugnaðardrottningunni henni Birnu konunni minni fyrir að nenna að vera nær einstæð móðir síðustu þrjú árin og fyrir að hjálpa mér þegar ég hef þurft á að halda. Einnig vil ég þakka Guðna skáfrænda mínum fyrir að annast búskapinn fyrir mig þegar ég hef verið bundinn við lærdóminn.

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Sauðfjárrækt	5
Staða íslenskrar sauðfjárræktar	6
Svínarækt.....	11
Staða íslenskrar svínaræktar	13
Nautgripærækt	16
Staða íslenskrar nautgripæræktar	18
Kjúklinga og eggjaframleiðsla	21
Staða íslenskrar kjúklingaræktar	24
Umræður og lokaorð	26
Heimildaskrá.....	29

Myndayfirlit

Mynd 1: Stærðardreifing sauðfjárbúa – Heildarfjöldi vetrarfóðraðs fjár, þ.á.m. hrútar og ásetningslömb.....	7
Mynd 2: Afkoma sauðfjár- og kúabænda frá 1998 til 2008.	8
Mynd 3: Fjárfestingar sauðfjár- og kúabænda árin 1998 til 2008	9
Mynd 4: Stærð svínabúa – fjöldi gyltna	14
Mynd 5: Þróun meðalinnleggs mjólkur, nýtar og fjölda mjólkurkúa á sérhæfðum kúabúum.....	18
Mynd 6: Dreifing mjólkurframleiðslu á Íslandi	19
Mynd 7: Kjötsala 1985-2008, kg á íbúa	24

Inngangur

Landbúnaður hefur verið stundaður hérlendis frá upphafi byggðar og í aldanna rás verið megin uppistaðan í lífsafkomu þjóðarinnar hvort sem litið er til fæðuöflunar eða atvinnusköpunar. Í þessari ritgerð verður farin söguleg yfirferð á þróun og mikilvægi helstu búgreina landsins að undanskilinni grænmetisframleiðslu. Ég ákvað að sleppa grænmetisframleiðslunni þar sem henni voru gerð góð skil í lokaritgerð á síðasta ári héðan frá Háskólanum á Akureyri (Hjörtur Ágústsson, 2009). Umræða um landbúnað undanfarna áratugi hefur í megin atriðum verið neikvæð og beinst að hnignun byggða, fátækt bænda og þeim ríkisstyrkjum sem bændur hafa þegið annað hvort í formi greiðslna frá ríkinu eða innflutningsverndar. Haustið 2008 gerði höfundur þessarar ritgerðar eigindlega rannsókn á stöðu bænda rétt eftir hrún. Rætt var við tvo aðila úr nautgriparækt, sauðfjarrækt, svínarækt og alifuglarækt og er stuðst við þessa rannsókn og hún fléttuð inn í ritgerðina til þess að styðja við efni hennar og um leið gefa henni meira líf. Farið verður yfir fjórar áðurnefndar búgreinar en í nautgriparæktinni fléttast saman kjöt- og mjólkurframleiðsla. Sama á við í alifuglaræktinni þar sem fléttast saman kjöt- og eggjaframleiðsla. Þegar talað er um alifuglaframleiðslu í ritgerðinni er einvörðungu átt við kjúklingaframleiðslu enda er framleiðsla á öðrum alifuglategundum svo sem öndum og kalkúnum óveruleg í landinu.

Lítið hefur borið á umræðu um fæðuöryggi á Íslandi nema þá aðeins eftir hrúnið 2008 en þá var nær kjarnfóðurlaust í landinu fyrir búpening landans þar sem íslenskur landbúnaður er að mestu háður innflutningi á hráefni til fóðurgerðar fyrir svín, hænsnfugla og í kjarnfóður fyrir kýr. Hér verður ekki farið ítarlega út í fæðuöryggis þáttinn þó að fyrir komi að er svo mætti segja sé dreypt aðeins á málefnum.

Kaflarnir fjórir um búgreinarnar segja frá sögu og síðan núverandi stöðu búgreinanna. Í lokaorðunum ætla ég að draga saman það helsta sem lesa má úr köflunum og leyfa mér

aðeins að rýna inn í framtíðina og velta einnig vöngum yfir gildi landbúnaðarins.

Sauðfjarrækt

Íslenska sauðkindin er hingað til komin með því fólki er nam Ísland fyrir um ellefu hundruð árum og hefur að öllum líkindum verið aðallega verið ættað frá Noregi en einnig að hluta frá Skotlandi, Orkneyjum og Færeyjum (Jón Torfason og Jón Viðar Jónmundsson, 2000, bls. 9). Varla hefur féð verið mjög margt til að byrja með en með góðri umhirðu og atlæti hefur það getað verið fljótt að fjölga sér. „Þannig er hægt að sýna fram á, að miðað við hámarksfjölgun getur 10 ám fjölga í 8000 ær á 20 árum (Stefán Aðalsteinsson, 1981, bls. 17).

Í upphafi Íslandsbyggðar er talið að nautgriparækt hafi verið mikilvægasta búgreinin og sauðfé verið hlutfallslega færri miðað við það sem seinna varð (Friðrik G. Olgeirsson, 2005, bls. 23) (Jón Torfason og Jón Viðar Jónmundsson, 2001, bls. 11).

„Íslendingar nýttu sauðkindina út í hörgul.“ (Hallgerður Gísladóttir, 1999, bls. 88).

Skinn og ull voru notuð í föt og skófatnað, allt ætilegt étið og það sem ekki var ætt nýtt til ýmissa hluta. Hrútsþungar voru notaðir sem hirslur undir smádót og tóbak, hlandblöðrur sem loftvogir og beinin sem leikföng fyrir börnin (Hallgerður Gísladóttir, 1999, bls. 88).

Fyrsti innflutningur á vegum opinbera aðila til kynbóta á íslenska sauðfjárstofninum var árið 1756. Olli sá innflutningur fjárkláðanum hinum fyrri og hafði ekkert nema hörmungar í för með sér sem og aðrar tilraunir af þessu tagi sem þó voru endurteknar á öldunum á eftir, jafnvel fram á þá tuttugustu og færðu Íslendingum enn fleiri sjúkdóma sem erfitt hefur verið að losna við til dæmis riðu og garnaveiki (Jón Torfason og Jón Viðar Jónmundsson, 2000, bls. 19). Í dag dettur varla nokkrum manni í hug að fara að flytja inn erfðaefni í íslensku sauðkindina enda hefur reynslan af slíku verið helst til slæm.

Fyrstu heimildir um búfjárfjölda á Íslandi eru frá árinu 1703 en þá var tekinn saman fjöldi búfjár á landinu samhliða manntalinu. Þá eru kindur á Íslandi rétt tæplega 280.000. Líkur eru á því að þær hafi verið fleiri eitthvað fyrr því mikil harðindi voru árin fyrir þessa talningu (Jón Torfason og Jón Viðar Jónmundsson, 2000, bls. 18). Fjöldi fjár hefur rokkað

æði mikið frá landnámi sem og hjá öðrum búfjarategundum og olli því helst mis gott tíðarfar, eldgos og sjúkdómar. Fæstar urðu kindurnar 1784, í móðuharðindunum eða 50.000 talsins. Flestar urðu þær árið 1978 og voru þá lifandi í landinu 890.000 kindur. Hefur þeim farið fækkandi síðan, þá helst vegna framleiðslutakmarkanna, kvótasetningar og breytinga á neyslumynstri Íslendinga þar sem kindakjötið hefur gefið eftir (Jón Torfason og Jón Viðar Jónmundsson, 2000, bls. 19). Árið 2008 voru kindur á Íslandi 361.485 talsins (Bændasamtök Íslands, 2010, bls. 6).

Staða íslenskrar sauðfjarræktar

Sauðfjarræktin hefur gengið í gegn um miklar hremmingar á undanförunum áratugum og átt undir högg að sækja vegna offramleiðslu og síðan minnkandi hlutdeildar kindakjöts í neyslumynstri landsmanna. Búskaparhættir hafa breyst og þróast en breiddin innan greinarinnar á vinnulagi, aðstöðu og stærð búa er mjög mikil. Mikið er um svo kallaða „hobbý“ bændur sem halda nokkrar kindur sér til gamans upp í mjög stór bú sem eru með yfir þúsund fjár sem reyndar eru ekki mörg. Reyndar hefur þróunin verið í átt til fækkandi og um leið stækkandi búa í sauðfjarræktinni sem og öðrum greinum landbúnaðarins.

<i>Stærðardreifing sauðfjárbúa – Heildarfjöldi vetrarfóðraðs fjár, þ.á.m. brútar og ásetningslömb</i>		2008
2000		
<50	927	762
50-99	366	305
100-199	586	425
200-299	389	327
300-399	315	227
400-499	154	173
500-599	46	95
600-699	21	45
700-799	3	17
>799	5	20

Mynd 1: Stærðardreifing sauðfjárbúa – Heildarfjöldi vetrarfóðraðs fjár, þ.á.m. hrútar og ásetningslömb
Heimild: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið (c), 2010, bls. 127


Fjárbúskapur hefur og er enn rekinn í formi fjölskyldubúa þótt yfirleitt séu tekjur af sauðfjárbúskapnum ekki nægar einar og sér til framfærslu fjölskyldunnar og vinna því margir sauðfjárbændur aðra vinnu með sauðfjárbúskapnum.

Ung hjón sem búa með um 500 fjár voru að hugsa um að byggja fjárhús sumarið 2008 og klára að kaupa jörðina af foreldrum konunnar. Núna eru þau dauðfegin að hafa ekki farið af stað í framkvæmdir og telja að ef þau hefðu gert það, væru þau nú farinn á hausinn. Þekkja þau til fólks einmitt í þeirri stöðu. Nú væri bara að reyna að þrauka (Guðbergur Egill Eyjólfsson, 2008).

Hjón á miðjum aldri með um 500 fjár byggðu fjárhús sumarið 2008. Þau segjast ekki í svo slæmum málum miðað við marga aðra, það muni margir fara á hausinn á undan þeim. Þau höfðu fjármagnað bygginguna að miklu leyti með eigin fé. En maðurinn hefur verið sjómaður til margra ára. Samt segir maðurinn „allt í fokki“ öll aðföng hafi hækkað og allt sé á niðurleið.

Sauðfjárþændurnir segja að fjárbú í dag verði að hafa á milli 600 og 700 fjár til þess að bera sig (Guðbergur Egill Eyjólfsson, 2008).

Breyttir búskaparhættir og samþjöppun hafa verið mun hraðari í hinum kjötgreinunum. Hvíta kjötið, þ.e.a.s. kjúklinga- og svínakjöt er að miklu leiti rekið í stórum fyrirtækjum sem kalla má orðið verksmiðjubú og hagur mjólkurframleiðslunnar hefur stórbatnað síðustu árin en segja má að sauðfjarræktin hafi að einhverju leiti setið eftir og ekki verið með í hinu svo kallaða góðæri.




Mynd 2: Afkoma sauðfjár- og kúabænda frá 1998 til 2008.

Heimild: Bændasamtök Íslands, 2010, bls. 25

Segja má að slæm afkoma í sauðfjarrækt hafi komið sauðfjárþændum til góða í hruninu þar sem þeir áttu ekki jafn greiðann aðgang að lánsfé og aðrar greinar landbúnaðarins og fyrir vikið er sauðfjarræktin ekki jafn skuldsett og hinar kjötgreinarnar.

Súluritið hér að ofan sýnir afkomu sauðfjárþænda (rauðar súlur) og kúabænda (bláar súlur) árin 1998 – 2008 mælt í vergum þáttatekjum í þúsundum króna. Vergar þáttatekjur eru tekjur til að greiða laun, vexti og afskriftir.



Mynd 3: Fjárfestingar sauðfjár- og kúabænda árin 1998 til 2008

Heimild: Bændasamtök Íslands, 2010, bls. 25

Þótt skuldastaða sauðfjárræktarinnar sé ekki sem verst miðað við aðrar greinar þá er ekki stór hópur sem eingöngu lifir á sauðfjárrækt, heimili sem halda sauðfé hafa tekjur einnig annarstaðar frá. Flestir sauðfjárræktendur þiggja hluta tekna sinna í formi ríkisstyrkja sem einnig mætti kalla laun frá ríkinu. Er þessum styrkjum/launum skipt upp í nokkra liði en þeirra helstir eru beingreiðslur, greiðslur út á framleitt kíló og fyrir þátttöku í svo kallaðri gæðastýringu. Bændur þurfa ekki að vera eigendur að greiðslumarki til þess að geta verið þátttakendur og fá greitt fyrir gæðastýringu (Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið (c), 2010, Bls. 22 – 23).

Bændurnir sem undirritaður ræddi við haustið 2008 gera þá kröfu að geta lifað af búrekstri sínum og notið þeirra sömu gæða sem og aðrir þjóðfélagsþegnar njóta. Yngri sauðfjárbændurnir segjast vilja geta haft viðurværi sitt af sauðfjárbúskap en gera sér varla vonir að geta eingöngu lifað af honum einum og sér og sjá þau fram á að allavega annað þeirra verði að vinna utan búsin. Þau taka það fram að þau hafi ekki þolinmæði til þess að halda bara sjó í tíu ár, þau muni hætta fyrr. Þau búa með bú sem samanstendur að um 550 kindum og vinnur konan fulla vinnu utan búsin. Þau segja 300 kinda bú góða stærð fyrir þau bæði í fullri vinnu ef að þau ætluðu að sinna öllum verkum vel og eiga frítíma á við venjulegt

launafólk. Eldri sauðfárbændurnir segjast vilja geta lifað að búskap sínum og segja vinnu við 500 til 600 kinda bú meira en full vinna fyrir tvær manneskjur. Þeir segja 400 til 450 kinda bú ásættanlega stærð fyrir tvær manneskjur í fullu starfi (Guðbergur Egill Eyjólfsson, 2008).

Þá er bara spurningin hver er framtíð sauðfjárræktar á Íslandi? Fjárbændur eru óánægðir með kjör sín, verða margir að sækja tekjur utan bú til þess að ná endum saman, komast illa yfir vinnu sína og meðalaldur þeirra fer hækkandi. Þetta eru ekki jákvæðar staðhæfingar og sé eingöngu litið út frá þeim er horfurnar ekki bjartar. Sauðfjárræktin er samt sú búgrein sem fellur best að íslenskum aðstæðum. Kindurnar lifa að mestu af heimafengnu fóðri og lömbin, megin afurðin elur nær allan sinn aldur út í ómengaðri náttúrunni.

Miklar breytingar haf átt sér stað í íslenskum landbúnaði undanfarin 20 ár. Búin hafa farið stækkandi, sérhæfing hefur aukist og tækninni hefur fleygt svo fram að færri hendur geta nú sinnt mun stærri búum en áður. Hefur þessi þróun verið mismikil eftir búgreinum. Af þessum fjórum búgreinum sem rætt er um í þessari rannsókn er það sauðfjárræktin sem minnst hefur breyst. Enda er skuldsetningin minnst þar. Sauðfjárbændur hafa um langan tíma verið óánægðir með tekjur sínar og hafa í reynd ekki haft efni á að taka þátt í þeim tækni framförum sem hinar greinarnar hafa ráðist í. En eitthvað er þó um það að yngri bændur hafi verið að byggja mikil hús og stækka bú sín en það á ekki almennt við greinina þótt búin hafi þó farið eitthvað stækkandi. Búið sem notað er við verðlagsgrundvöll sauðfjárbúa er 339 kindur og gerir ráð fyrir að hafa greiðslumark fyrir sama fjölda. Greiðslumark er sá stuðningur sem ríkið leggur til. Greiðslumark eru álíka há fjárhæð og bændur fá fyrir kjötið úr sláturhúsi. Sá sem byrjar búskap þarf að greiða fyrir greiðslumarkið og hefur hvert ærgildi verið að fara á um 30.000 kr. sem gerir 10.170.000 kr. fyrir slíkt bú. Greiðslumarkið af slíku búi á ári er 2.287.000 krónur. Í verðlagsgrundvöllinum er gert ráð fyrir að þetta bú skuldi um 5 milljónir sem nægir rétt fyrir hálfum traktor (Bændasamtök Íslands (c), e.d.). Bóndinn hefur ekki málað húsið sitt í 30 ár og á ekki bíl. Mér finnst þetta sýna ákveðna krísu sem greinin er í og maður

veltir því fyrir sér hvort sauðfjárþændur og þeir sem að henni standa séu búnir að sætta sig við að vera hálfgerðir sjálfboðaliðar í því að fæða þjóðina. Búnir að sætta sig við að starfa ekki við alvöru atvinnugrein. Enda segja yngri þændurnir í rannsókninni alla sauðfjárþændur vinna að einhverju leyti utan bú. Annað þeirra vinnur fulla vinnu utan bú og hitt er í íhlaupavinnu. Þetta á einnig við um eldri þændurna sem ég talaði við, en maðurinn lenti í slysi fyrir 2 árum og hefur ekki unnið utan bú síðan. Hann var sjómaður fram að því en konan vinnur nú í hlutastarfi utan bú. Sauðfjárþændurnir sögðust þurfa að stækka bú sín upp í 600-700 kinda bú til þess að getað lifað af búrekstrinum. En þegar ég spurði þau hver draumabústærðin væri, þar sem þau gætu sinnt öllum þáttum búrekstrarins eins vel og þau vildu og haft frítíma á við venjulega launamenn þá vildu þau hafa á milli 300 og 400 kinda bú enda hafði það komið fram í máli þeirra að 600 kinda bú væri miklu meira vinna en starf fyrir tvo. En í reynd virðist yngra fólk ekki sætta sig við þetta því að nýliðun er nánast engin í sauðfjárþúskap og er meðalaldur sauðfjárþænda 58 ár og hefur hækkað um eitt ár, í þó nokkur ár (Guðbergur Egill Eyjólfsson, 2008).

Svínarækt

Landnámsmenn fluttu með sér svín ásamt öðrum búfénaði þegar þeir námu Ísland og talið er að svínakjöt hafi verið ein helsta fæða landsmanna á þeim tíma (Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, 2010 (a), bls. 4). Að öllum líkindum hafa svín gengið úti sem og önnur húsdýr þar sem gróður- og veðurfarsskilyrði voru hagstæð sem og var kornrækt stunduð. Þegar kólna tók á Íslandi urðu skilyrði til útivistar svína sem og kornræktar verri sem bitnaði mjög svo á svínaræktinni (Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið (a), 2010, bls. 4). Fleiri ástæður má nefna, til að mynda það tjón sem svín ollu bæði grasi og húsum (Friðrik G. Olgeirsson, 2005, bls. 44). Það má annars leiða líkum að því að því að svínin hafi skipt sköpum fyrir landnámsmenn þegar þeir voru að koma sér fyrir í landinu nýja (Friðrik G.

Olgeirsson, 2005, bls. 23). Eitthvað var um svín í landinu á síðari hluta 16. aldar og dóu þau út á 17. öld (Guðrún Ása Grímsdóttir, 1996, bls. 78).

„Upp úr miðri 19. öld hófst svínarækt aftur í litlum mæli, m.a. með það að markmiði að auka fjölbreytni í mat og atvinnulífi. Til ræktunarinnar voru flutt svín frá Danmörku og öðrum nágrannalöndum okkar, en erfiðlega gekk að treysta undirstöðu greinarinnar, svínabúin ekki mörg og lífdýrin fá.“ (Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið (a), 2010, bls. 4).

Aðeins 138 svín voru á Íslandi árið 1932 og tók að fjölga upp úr því. Svínaræktendur fóðruðu svín sín að miklu leiti á matarleifum frá spítölum, veitingarhúsum og þess háttar stofnunum og var svínaræktinni því mikill fengur af hersetu breska og bandaríska hersins vegna mikilla matarleifa sem undan þeim gengu. Afturkiptur kom í ræktunina eftir stríð (Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið (a), 2010, bls. 4). Fjöldi svína var kominn í 667 gripi árið 1970 og 1.552 gripi árið 1980 (Bændasamtök Íslands, 2010, bls. 6).

„Svínaræktarfélag Íslands var stofnað 1976 og hefur frá upphafi haft það að markmiði að vinna að hagsmunamálum svínabænda. Eitt af aðalverkefnum þess hefur verið að fá flutt til landsins erfðaeefni til kynbóta með reglubundnum hætti.“ (Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið (a), 2010, bls. 4).

Markviss ræktun svína á Íslandi hófst er líða tók á 20. öldina. Flutt voru inn dönsk og bresk svín til blöndunar við þau svín sem fyrir voru í landinu. Svínaræktarfélag Íslands stofnaði einangrunarstöð fyrir svín í Hrísey árið 1994 og var kynbótagripum þaðan dreift um landið næstu tvö árin þar á eftir (Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið (a), 2010, bls. 4).

„Þessar markvissu kynbætur hafa skilað gríðarlegum árangri. Vöxturinn er hraðari og kjötgæði hafa aukist.“ (Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið (a), 2010, bls. 4). Einnig hefur frjósemi batnað og kjöt magn eftir hverja gyltu aukist. Árið 1990 var meðal grísafjöldi eftir gyltu 15,6 grísir og kjötmagn 849 kg en árið 2008 var meðal grísafjöldi kominn í 19,8 og kjötmagn eftir hverja gyltu í 1.571 kg (Bændasamtök Íslands, 2010, bls. 9). Til eru munnmæla

sögur um að framfarir í kynbótastarfinu séu ekki eingöngu hinu opinbera ræktunarstarfi að þakka heldur hafi einnig einstaka svínabændur smyglað til landsins sæði úr erlendum stofnum til kynbóta heima á bæjum sínum. Nú hyllir í að ekki þurfi að beita slíkum brögðum vegna nýlegra lagabreytinga. „Alþingi samþykkti 16. desember síðastliðinn að veita leyfi til innflutnings á djúpfrystu svínasæði. Í lögnum er gert ráð fyrir að yfirdýralæknir geti heimilað innflutning á djúpfrystu sæði beint inn á svínabú að uppfylltum skilyrðum sem nánar eru tiltekin í lögum um innflutning dýra.“ (Bændablaðið, 2009). Leiða má líkum að því að framfarir í svínarækt á Íslandi eigi fleiru að þakka en kynbótastarfinu einu hvort sem um er að ræða opinbera ræktunarstarfið eða hið meinta óopinbera því meira þarf til. Betri aðbúnaður, fóðrun og aukin þekking svínabænda hefur þarna einnig mikið að segja.

Staða íslenskrar svínaræktar

Svínarækt hefur verið mjög svo vaxandi búgrein undanfarna fjóra áratugi. Til að mynda voru árið 1970 aðeins 667 svín í landinu en voru árið 2008 orðin 4.265 að tölu. Hér áður fyrr voru búin dreifð um allt land en nú eru svo til engin svín á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra né á Austurlandi en rúmlega helmingur allrar svínaræktar á landinu er á suðvesturhorninu í nánd við höfuðborgarsvæðið (Bændasamtök Íslands, 2010, bls. 6). Það er aðeins síðustu tvo til þrjá áratugi að svínakjöts er neytt jafnt hversdags sem til hátíðarbrigða (Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið (a), 2010, bls. 4). Til að mynda var svínakjötsneysla á hvern íbúa á Íslandi árið 1985 6,6 kg en var komið upp í 21 kg árið 2008. Framleiðslan hefur aukist í samræmi við það. Árið 1980 var heildar svínakjöts framleiðslan á Íslandi 1.000 tonn en árið 2008 var heildar framleiðslan komin upp í 6.662 tonn (Bændasamtök Íslands, 2010, bls. 9).

Kindakjöt er sú kjötttegund sem mestrar hylli hefur notið á Íslandi síðustu aldirnar og neysla svo kallaðs hvíts kjöts verið harla lítil. Breyting hefur orðið þar á og hefur svína- og alifuglakjöti sótt fast að kindakjötinu sem vinsælasta fæða landsmanna. Þetta má glögglega sjá

með því að bera saman neyslu tölur frá árunum 1985 og 2008. Árið 1985 var eins og áður hefur komið fram neysla svínakjöts á hvern Íslending einungis 6,6 kíló en neysla kindakjöts 41,5 kg og munaði þar 34 kg á neyslumun kjöttegundanna. Mikil breyting hefur orðið á því árið 2008 hafði neysla svínakjöts aukist í 21 kg á mann en að sama skapi hefur kindakjöts neysla dregist saman og er munurinn á milli kjöttegundanna miðað við neyslu á mann árið 2008 einungis 2,6 kg (Bændasamtök Íslands, 2010, bls. 13). Þessi samanburður sýnir hvað svínakjötsframleiðslan er orðin mikilvægur hluti í fæðuöflun þjóðarinnar. Þrátt fyrir þessa miklu aukningu á neyslu svínakjöts þá neyta Íslendingar enn hlutfallslega minnst svínakjöts samanborið við hin Norðurlöndin og spilar þar inn í hin mikla kindakjötsneysla sem enn er við líði í matarhefð Íslendinga (Bændasamtök Íslands, 2010, bls. 15).

Þrátt fyrir þessa miklu framleiðsluaukningu þá hefur svínabændum fækkað mikið undanfarin ár og ekki hefur efnahagsleg staða greinarinnar verið nógu sterk.

Síðustu 11 ár hefur framleiðendum fækkað um 41 og eru nú á vor dögum 2010 einungis 17 bú starfandi í landinu (Bændasamtök Íslands, 2010, bls. 6). Þrátt fyrir þessa gríðarlegu samþjöppun á framleiðslunni og þá stærðarhagkvæmni sem því ætti að hafa fylgt er efnahagur greinarinnar langt frá því að vera viðunandi.

Stærð svínabúa – fjöldi gyltna

	2000	2008
<100	25	6
100-249	9	6
250-499	1	2
>=500	2	4

Mynd 4: Stærð svínabúa – fjöldi gyltna

Heimild: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið (c), 2010, bls. 128

Á fræðapingi landbúnaðarins árið 2004 í erindi um stöðu búgreina á Íslandi er sagt um svína- og alifuglarækt: „Tækni- og kynbótaframfarir hafa verið feiknalegar og skilað mikilli kostnaðarlækkun, en offramleiðsla og botnlaust verðstríð að undanfögnu hefur verið að mestu upp eigið fé í þessari kjötframleiðslu, þannig að staðan er mjög erfið, og nú eru blikur á lofti á eggjamarkaðnum.“ (Sigurgeir Þorgeirsson o.fl., 2004).

Innflutningur hefur farið vaxandi og í samningum sem gerðir voru við Evrópusambandið árið 2007 var heimilaður 200 tonna tollfrjáls kvóti á svínakjöti frá Sambandinu (Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið (c), 2010, Bls. 19).

Svínabóndi segir haustið 2008 ástandið erfitt og það geti ekki gengið til lengdar. Öll aðföng hafi hækkað og svínabændur eru, að hann telur með mikið að erlendum lánum og segir marga þeirra komna í mjög slæma stöðu. Hann segist hafa upplifað nýtt viðhorf til Íslendinga sem sé vantraust. Hann hefur flutt inn innréttingar í svínahús 15 sinnum á undanfögnu 8 árum og alltaf fengið góðan greiðslufrest og alltaf staðið í skilum á réttum tíma. Nú er öldin önnur hann fær ekki vörur frá þessu fyrirtæki lengur nema að greiða vöruna fyrirfram (Guðbergur Egill Eyjólfsson, 2008). Þessi orð voru sögð haustið 2008 og síðan þá hafa verið sviptingar hjá svínaræktendum. Þrátt fyrir aukna hlutdeild á markaði hefur svínakjötsframleiðendum ekki gengið sem best með reksturinn og nú á vordögum 2010 eru tvö af stærstu svínabúum landsins komin í eigu Arion banka (Morgunblaðið, 2010).

Svínabóndinn segir að ef að íslenskir svínabændur fengju korn og fjármagn á sama verði og svínabændur í Evrópusambandinu þá gætu þeir íslensku ábyggilega staðist samkeppni. Hann minnst á að finnskir bændur sem búa norðan 62° hafi fengið aðlögunarstyrki þegar Finnland gekk inn í Evrópusambandið, en þeir séu nú að leggjast af og róðurinn því að þyngjast hjá þeim. En hann telur að ef sú tollavernd sem Ísland njóti í dag hverfi leggist svínarækt af á Íslandi (Guðbergur Egill Eyjólfsson, 2008). Í þessum orðum fellst þó ákveðin mótsögn að geta staðist samkeppni erlendis frá ef keppt væri á jafnréttisgrunni en um leið er mikill ótti við framtíðina ef tollaverndin yrði algerlega aflögð.

Ekki eru allir á einu máli um hvort kalla eigi svínarækt landbúnað þar sem starfsemin fer að mestu leiti fram stórum einingum í eigu fyrirtækja. En óumdeilt er þó að svínarækt er orðinn mikilvægur þáttur í fæðuöflun þjóðarinnar og því mikilvægt að gæta að sjálfbærni greinarinnar sem er eins og staðan er í dag langt frá því að vera fullnægjandi.

Svínakjötsframleiðslan árið 2009 nam 6.374.000 kg og til þeirrar framleiðslu var notað um 27.000 tonn af fódri sem er að mestum hluta innflutt. „Áætlað er að innlent bygg notað í svínafóður í dag sé um 1000-2000 tonn. Þessa tölu er hægt að hækka í allt að 20.000 tonn svo framarlega sem gæði íslensks byggs séu viðundandi.“ (Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið (a), 2010, bls. 9). Viðleitni í þessa átt væri tvímælalaust til þess fallinn að styrkja stöðu greinarinnar og um leið stórbæta fæðuöryggi þjóðarinnar.

Nautgriparækt

Nautgripir sem og önnur húsdýr Íslendinga komu til landsins með landnámsmönnum.

„Nautgriparæktin er var á fyrstu öldum Íslandsbyggðar megin undirstaðan að farsæld og afkomu Íslendinga. Talið er að framan af hafi hlutfallslega meira verið af nautgripum en sauðfé miðað við hvað seinna varð. Til að undirstrika þetta þá má minna á að kýrin var notuð sem viðmið í viðskiptum til forna og talað var um kúgildi“ (Jón Torfason og Jón Viðar Jónmundsson, 2001 bls. 11). Talið er að fornmenn hafi nytjað nautgripi með meiri áherslu á kjöt- en mjólkurframleiðslu (Jón Torfason og Jón Viðar Jónmundsson, 2001 bls. 12).


Dregið var úr nautgriparækt á 17. öld helst vegna versnandi tíðarfars og minnkandi verslunar með nautgripa afurðir. „Kaupmenn höfðu minnkandi áhuga á afurðum kúabúanna, vildu heldur taka ull og fisk“ (Jón Torfason og Jón Viðar Jónmundsson, 2001 bls. 14).

Nautgripir urðu fæstir í seinni tíð í Móðuharðindunum en þá fór heildarfjöldi nautgripa niður fyrir 10.000 gripi. Stofninn jafnaði sig hins vegar nokkuð fljótt og hafði tvöfaldað innan

tíu ára. Stofninn hélst rokkandi í kringum 20.000 gripi fram á tuttugustu öldina en árið 1950 var fjöldinn kominn í 45.000 gripi. En nokkuð fór nautgripum að fjölga upp úr 1930 eftir að mjólkurframleiðslan tók að eflast. Nautgripir voru yfir 60.000 árið 1981 og þar af 40.000 mjólkurkúr (Jón Torfason og Jón Viðar Jónmundsson, 2001 bls. 15). Árið 2008 voru nautgripir alls 72.012 og þar af 26.211 mjólkurkúr (Bændasamtök Íslands, 2010).

Segja má að skipuleg ræktunarstarfsemi í nautgriparækt hafi hafist fyrir alvöru í byrjun 20. aldarinnar. Hefur sú vinna auk bættrar aðstöðu gripanna og aukinnar þekkingar við hirðingu mjólkurkúa skilað miklum framförum. Nyt mjólkurkúa jókst úr 2.240 kg árið 1903 í rúm 4.000 kg árið 1985 (Jón Torfason og Jón Viðar Jónmundsson, 2001 bls. 62). Meðal nyt á íslenskum kúabúum árið 2009 var 5358 kg. (Bændasamtök Íslands (a) e.d.). Nythæsta kú á Íslandi 2009 mjólkaði 12.174 lítra (Bændasamtök Íslands (b) e.d.). Þrátt fyrir þessar framfarir hafa verið uppi hugmyndir á að flytja inn erlent kúakyn sem væri nythærra en hið íslenska. Síðasta áratuginn hafa verið uppi deilur á meðal bænda um hvort skipta eigi um kúakyn. Hvor fylkingin um sig stofnaði félagsskap til framgangi málefnis síns. Innflutningssinnar stofnuð Nautgriparæktarfélag Íslands en sá hluti bænda sem halda vildi íslenska kyninu stofnaði félagið Búkollu. Árið 2001 fóru fram kosningar á meðal kúabænda um hvort skipta ætti um kyn og var niðurstaðan sú með 75% greiddra atkvæða að ekki skyldi skipt um kyn heldur haldið í það íslenska (Þingskjal 194, 2002-2003).

Það hefur ekki bara verið þróun í bættri nyt mjólkurkúu. Einnig hefur búum farið fækkandi en um leið hafa búin stækkað og framleiðslan aukist. Árið 1991 voru kúabændur landsins um 1.800 talsins með að meðaltali 18 kúr hver. Tíu árum síðar voru þeir orðnir um 1.100 með um 24 kúr að meðaltali (Stefanía Nindel og Sveinn Agnarsson, 2002). Haustið 2009 voru búin komin niður í 685 kúabú (Sproti, 2009).



Mynd 1 Þróun meðalinnleggs mjólkur, nytar og fjölda mjólkurkúa á sérhæfðum kúabúum 1998 til 2007.

Mynd 5: Þróun meðalinnleggs mjólkur, nytar og fjölda mjólkurkúa á sérhæfðum kúabúum
Heimild: Hagþjónusta landbúnaðarins, 2008, bls. 61


Staða íslenskrar nautgripæræktar

Eins og fyrr segir hefur orðið gríðarleg samþjöppun í nautgripæræktinni. Búin hafa stækkað og þeim að sama skapi fækkað. Einnig hefur blönduðum búum fækkað, það er þeim búum sem stunda rekstur á fleiri en einni búgrein. Sérhæfing hefur aukist. Ef kúabúin eru með einhverja aðra búgrein þá er það helst nautakjötsframleiðsla sem stunduð er meðfram mjólkurframleiðslunni (Sigurgeir Þorgeirsson o.fl., 2004).

Staða mjólkurframleiðslunnar sem slíkrar er nokkuð sterk. Þótt framleiðendum fækki og hver Íslendingur drekki nú minna af mjólk en áður þá hefur framleiðslan aukist.

Drykkjarmjólkinn hefur gefið eftir jafnt og þétt. Til að mynda var mjólkurneysla á hvern íbúa landsins árið 1960 306 lítrar, 1980 227 lítrar og árið 2007 var mjólkurneyslan komin niður í 144 lítra á hvern Íslending (Bændasamtök Íslands, 2010). Neyslan hefur flust úr drykkjarmjólkinni yfir í aðrar mjólkurvörur til dæmis osta sem þurfa nokkra lítra af mjólk í hvert kíló af osti.

Sú samþjöppun sem átt hefur sér stað í mjólkurframleiðslunni með fækkun og um leið stækkun bóa hefur haft þó nokkurn kostnað í för með sér vegna þeirra fjárfestinga, sérstaklega í kaupum á mjólkurkvóta og nýbyggingum, sem þurft hefur orðið að ráðast í til þess stækka búin. Þrátt fyrir þessar miklu breytingar hafa hefur ekki orðið miklar breytingar á dreifingu mjólkurframleiðslunnar um landið. Líkt og fyrir tæpum tuttugu árum þegar sala á greiðslumarki var leifð eru sem fyrr Suðurland og Eyjafjörður helstu mjólkurframleiðslu héruð landsins (Landsamband kúabænda, 2010).



Mynd 6: Dreifing mjólkurframleiðslu á Íslandi
Heimild: Landsamband kúabænda, 2010

Alþjóðasamningar og samtök hafa haft mikil áhrif á samþjöppun í mjólkurframleiðslu. Bæði stjórnámamenn og forystufólk úr röðum bænda hafa kvatt til meiri hagræðingar til þess að styrkja landbúnaðinn í sessi og þá sérstaklega í alþjóðlegur samhengi. Er þá átt við alþjóðlegar samþykktir á vettvangi Alþjóða viðskiptamálastofnunarinnar (WTO) sem lúta að opnari viðskiptum með landbúnaðarvörur um heim allan. Enn hefur ekki náðst alþjóðleg samstað um opnari viðskipti með landbúnaðarafurðir svo að þessi ógn hefur að minnsta kosti enn ekki náð fram að ganga. Hitt atriðið og ef til vill stærra og mikilvægara, þar sem Alþingi Íslendinga

hefur nú þegar sótt um aðild að Evrópusambandinu, eru áhrif hugsanlegrar aðildar á íslenskan landbúnað. Bændasamtökin hafa farið í yfirgrips mikla vinnu í að meta áhrif hugsanlegrar aðildar Íslands að Evrópusambandinu fyrir landbúnaðinn og samkvæmt þeirri greiningu hallar mjög á nautgriparræktina ef Ísland yrði aðili að sambandinu (Bændasamtök Íslands, 2009).

Helsta ógn greinarinnar í dag, fyrir utan hugsanlega óhagstæða alþjóðasamninga og innganga landsins í Evrópusambandið, er sú staðreynd að þessi mikla samþjöppun sem átt hefur sér stað í greininni hefur verið gríðarlega kostnaðarsöm og því er mjólkurframleiðslan gríðarlega skuldsett. Haustið 2008 voru meðalskuldir mjólkurframleiðanda tæpar 60 milljónir. Þessi tala gefur þó ekki alveg sanna mynd því töluverður hluti kúabúa standa vel og skulda lítið eða ekki neitt (Viðskiptablaðið, 2009). Það eru í reynd á milli 100 og 120 bú sem eru í verulegum fjárhagsvandræðum. Þessi bú sem framleiða um 20% allrar mjólkur í landinu sjá fram á að hafa ekki fjármuni til almenns rekstrar til dæmis áburð og sáðvöru. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið reynir nú í samvinnu við hagsmunaaðila að leysa sem best úr þessari stöðu (Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið (b), 2010).

Það er undir pólitískum ákvörðunum hvernig nautgriparrækt á Íslandi reiðir af. Bændurnir, þekkingin, landið, bústofninn, aðstaðan og markaður fyrir vöruna er allt saman til staðar en það fer eftir því hverslags aðstæðum greininni eru skapaðar hvort framtíðin er björt fyrir þessa búgrein.

Kúabændur segja stöðuna þrönga. Sérstaklega hjá þeim sem hafa verið í framkvæmdum. Þeir segja þá mjög skuldsetta og megnið af lánunum sé í erlendri mynt. Einn kúabóndinn sagði stöðuna óljósa og notaði orð eins og hræðslu og sorg til þess að lýsa ástandinu. Finnst hann vera komin mörg ár aftur í tímann því hann sjái ekki fram á að hafa efni á að kaupa afleysingu og verði því að vinna 365 daga á ári (Guðbergur Egill Eyjólfsson, 2008). Svona var hugurinn í kúabændum haustið 2008 og nú tæpum tveimur árum seinna hefur ekki mikið gerst í jákvæða átt í fjármálum kúabænda og stefnir í gjaldþrot ef ekki verður

gripið til sértækra aðgerða. „Út frá staðþekkingu á stöðu kúabænda á Suðurlandi eru 50 – 60 kúabú í verulegum eða miklum fjárhagserfiðleikum. Ef svipað á við um aðra landshluta þá eru það ca. 120 – 140 kúabú alls sem eru í verulegum eða miklum erfiðleikum. Þar af, þarf rúmlega helmingur þeirra „sértæka lausn“, (75 – 80) bú.“ (Runólfur Sigursveinsson, 2010).

Kúabúskapurinn hefur verið í uppgangi síðan um miðjan síðast áratug. Þar hefur mikil samþjöppun átt sér stað. Árið 2000 voru búin um 950 en eru í dag 685. Þrátt fyrir þetta hefur mjólkurframleiðsla aukist á tímabilinu. Til þess að þessi samþjöppun hafi getað átt sér stað hafa þeir bændur sem stækkað hafa bú sín þurft að endurbæta aðstöðu sína eða byggja nýja, fá sér afkastameiri vélakost, fjölga gripum og kaupa kvóta. Þess má geta að þegar sem mest eftirsókn var eftir mjólkurkvóta fór verð fyrir lítrann upp í 400 krónur. Hægt er að taka dæmi um bú sem ætlaði að stækka um 100.000 lítra. Ef að það bú hefur verið heppið hefur kvótinn verið í 320 kr. Það er fjárfesting upp á 32 milljónir. Stærsti hluti bænda sem staðið hefur í uppbyggingu er stórskuldugur og er stór hluti skuldanna til kominn vegna kvótakaupa. Við kvótakaup fer fjármagn út úr greininni. Þeir sem hætta taka aurana með sér og greinin situr eftir enn skuldsettari fyrir vikið.

Kjúklinga og eggjaframleiðsla

Samkvæmt gömlum heimildum og seinni tíma rannsóknum hefur alifuglarækt verið nokkuð útbreidd á meðal landnámsmanna Íslands. Helst má álykta að alifuglar hafi verið á stórbæjum og þá helst á þeim landsvæðum sem heppilegust þóttu til kornræktar þar sem korn hefur verið þeirra helsta fæða. Því til staðfestingar er að fornmenn kölluðu hænur akurhænsn.

Alifuglarækt hefur varla verið annað en aukabúgrein til að auka fjölbreytni fæðunnar (Friðrik G. Olgeirsson, 2003, bls. 13).

Þau hænsni sem komu hingað með landnámsmönnum eru ekki sömu gerðar og nú eru almennt notuð til eggja- og kjúklingaframleiðslu. Þetta voru smáir, harðgerðir fuglar sem

aðallega voru brún eða svört. Talið er að þegar best lét hafi stofninn verið á milli 20 til 30 þúsund fuglar (Friðrik G. Olgeirsson, 2003, bls. 16). Þegar kólna tók upp úr 1200 dróst kornrækt saman sem síðan leiddi til minnkandi svína- og alifuglaræktar. Íslensku svínin dóu algerlega út á 17. öldinni en hænurnar lifðu af þótt ansi hafi þær verið orðnar fáar þegar verst lét eftir móðuharðindin á seinni hluta 18. aldar (Friðrik G. Olgeirsson, 2003, bls. 13). Ekki skánaði ástand hæsnaræktar á 19. öldinni fyrr en undir lok aldarinnar að hæsnnum tók að fjölga í kjölfar aukinnar þéttbýlismyndunnar. Þar kom helst tvennt til. Auðveldara var að halda hænur í þéttbýli en annað búfé og einnig bættar skipasamgöngur sem leiddu til lægra kornverðs. Í þéttbýlinu ókst eftirspurn eftir eggjum vegna breyttra neysluvenja og þá helst vegna aukins baksturs þar sem eggjin voru ómissandi. Gamli íslenski stofninn stækkaði en þó var mest fjölgun vegna innflutnings á erlendum kynjum sem tóku síðan að blandast þeim íslenska og var stofninn orðinn æði blandaður um aldamótin 1900. Eitthvað hefur þó verið um hreinræktaðar íslenskar hænur þótt ekki væru þær margar og árið 2003 fannst áhugafólki um íslenska hæsnastofninn vera kominn tími til að vernda stofninn með skipulögðum hætti. Var stofnað félag sem hefur þann tilgang að vernda stofninn og tekist hefur að auka áhuga á íslenskum hænum og er orðið mun algengara að fólk haldi nokkrar íslenskar hænur sér til gagns og ánægju. Félagar í Verndar félagi íslensku hænunnar eru nú á fjórða hundrað manns (Íslenska landnámshænan, e.d.).

Litlum hæsnabúum tók að fjölga og þá helst í Reykjavík og svæðinu þar um kring í nánd við helsta markaðssvæðið. Árið 1919 voru hænur fyrst taldar í Reykjavík og voru þær 2.232 talsins og má þá leiða líkur að því að heildar fjöldinn fyrir landið hafi verið í kring um 5000 fuglar (Friðrik G. Olgeirsson, 2003, bls. 40). Er líða tók á tuttugustu öldina fór hæsnarækt vaxandi en þó aðallega til eggjaframleiðslu því neysla á kjúklingakjöti var sára lítil. Um 1930 var fjöldi hæсна í landinu komin upp í 44.436 hænur. Töluvert var flutt inn af eggjum því innlend framleiðsla annaði ekki eftirspurn fyrstu áratugi 20. aldar. Það var svo


árið 1935 að yfirvöld tóku að hefta innflutning þar sem innlenda framleiðslan var farin að anna eftirspurn. Árið 1949 voru hænsni rúmlega 123.000 (Friðrik G. Olgeirsson, 2003, bls. 40). Flestar urðu varphænur á Íslandi árið 1980 alls 214.936. Þeim hefur fækkað umtalsvert síðan og voru árið 2008 168.515 (Bændasamtök Íslands, 2010). Eggjaneysla landsmanna hefur að sama skapi aukist undanfarna áratugi en hver Íslendingur neytti árið 1960 að meðaltali 4,8 kg af eggjum á ári en í dag neytir hver Íslendingur sem nemur 10 kg af eggjum árlega (Bændasamtök Íslands, 2010).

Framan af 20. öldinni var neysla á hænsna eða kjúklinga kjöti ekki almenn en eftir því sem leið á öldina jókst hún jafnt og þétt en tók síðan stórt stökk upp á við í lok aldarinnar. Það er áætlað að fyrsta áratug aldarinnar hafi einungis farið um tvö tonn af alifuglakjöti til manneldis á Íslandi en komið upp í tíu tonn árið 1920 og 28 tonn 1930. Á þessum árum var alifuglaræktin að festa sig í sessi sem alvöru búgrein og farið að nota útungunarvélar og í framhaldinu farið að huga að kynbótum og kyngreina unga. Framleiðendum fór fjölgandi. Á fjórða áratug aldarinnar voru um 200 manns með hænsnabú í Reykjavík (Friðrik G. Olgeirsson, 2003, bls. 69). En tímarnir breytast því þróunin í landbúnaði á Íslandi hefur þróast í þá átt í alifuglaræktinni sem og öðrum búgreinum að búin hafa stækkað, þeim fækkað og um leið sérhæfing aukist. Nú eru sárafáir aðilar sem stunda samhliða eggja- og kjúklingaframleiðslu. Árið 1983 voru eggjaframleiðendur 146, 65 framleiðendur 1988 og 28 1996. Árið 2002 voru einungis um 20 alifuglabú sem stunduðu eggjaframleiðslu og eru tvö búanna lang stærst með um 70% framleiðslunnar á sinni könnu. Þeim hænsna eigendum sem selja egg á markað hefur ekki bara fækkað heldur einnig þeim bændum sem halda hænur á bæjum sínum til einkanota. Árið 2000 voru alifuglar aðeins á 193 sveitabæjum. Sama þróun hefur verið í kjúklingaframleiðslunni. Framleiðendur kjúklingakjöts voru fáir og smáir fram undir 1970 og framleiddu þeir sjö stærstu 300 tonn af þeim 375 tonnum sem framleidd voru árið 1972 (Friðrik G. Olgeirsson, 2003, bls. 174). Á þessum tíma tók kjúklinganeysla

landsmanna að aukast og hefur aukist allar götur síðan. Árið 1990 var framleitt 1.519 tonn af alifuglakjöti en árið 2008 var framleiðslan komin í 7.402 tonn (Bændasamtök Íslands, 2010).

Staða íslenskrar kjúklingaræktar

Gríðarleg aukning hefur orðið í neyslu landsmanna á kjúklingi eins og þessar tölur bera með sér enda hefur neysla á hvern einstakling aukist úr 7,3 kg. árið 1985 í 23,4 kg. árið 2008 (Bændasamtök Íslands, 2010). Eru þetta gríðarlegar breytingar á hlutdeild alifuglakjöts á markaði og gerðist það árið 2007 að neysla kjúklinga fór upp fyrir kindakjötsneyslu á tólf mánaða tímabili (Bændasamtök Íslands, 2008).



Mynd 7: Kjötsala 1985-2008, kg á íbúa
Heimild: Bændasamtök Íslands, 2010, bls. 13

Kjúklingakjöt er í dag það kjöt sem nýtur mestra vinsælda á Íslandi en þrátt fyrir það hafa kjúklingaframleiðendur átt í erfiðleikum með reksturinn undanfarinn ár. Það kom til að mynda berlega í ljós í viðtali við kjúklingaframleiðanda haustið 2008 en hans fyrirtæki hafði ekki

þurft að takast á við nýframkvæmdir þar sem fyrirtækið var byggt á kjúklingaframleiðslu sem hafði farið á hausinn en var ný búið að standa í endurnýjun á aðstöðu (Guðbergur Egill Eyjólfsson, 2008).

Það er eitthvað ekki að ganga upp þegar framleiðsluaukningin sem og samþjöppunin í kjúklinga- og eggja framleiðslunni hefur orðið svona mikil að þrátt fyrir það gengur greininni ekki betur en raun ber vitni.

Umræður og lokaorð

Framtíð íslensks landbúnaðar er óviss. Ætli þetta sé ekki eina fullyrðingin sem hægt er að taka undir með einhverri vissu varðandi íslenskan landbúnað. Þeir sem standa að þeim búgreinum sem fjallað er um í þessari ritgerð eru óánægðir með afkomu sína og um leið eru greinarnar í samkeppni sín á milli að slást um sömu bitana. Kjúklinga- og svínabændur kvarta yfir ríkisstyrkjum sauðfjárræktarinnar um leið og sauðfjárræktin kvartar yfir endurfjármögnun og afskiptum bankana af hinum fyrr nefndu. Neytendur krefjast æ lægra vöruverðs og hagræðingar er krafist án þess þó að eitthvert ákveðið markmið sé í augu sýn í þeim efnum, engin endastöð. Það virðist enginn vita hvenær hagræðingin er fullnýtt. Búin hafa stækkað og þrátt fyrir aukna tækni og vinnuhagræðingu hefur vinnuálag á bændur aukist. Er þá átt við bændur sem stunda hinar hefðbundnari búgreinar, sauðfjár- og nautgriparékt. Sá tímunktur hlýtur að koma að komið sé að endamörkum hagræðingar. Það er bara spurningin hvenær og hvert hefur landbúnaðurinn þá þróast?

Hagræðing er eitt töfra hugtaki og samkeppni er annað. Í íslensku samfélagi undanfarin ár hefur verið hugtakið samkeppni verið einkar vinsælt. Það hefur einnig átt við í matvælaframleiðslunni. Þar er matvælaframleiðendum att saman í samkeppni um neytendur á íslenskum matvælamarkaði. Hefur mikil hagræðing farið fram vegna samkeppinnar á forsendum peninganna en kannski minna hugsað um mannlega þáttinn. Það verður að gæta þess að hagræðing verði ekki á kostnað hamingju eða heilbrigðis. Hagræðing þessara búgreina hefur í för með sér fækkun í greininni og grefur þar með undan byggð og félagskerfi bænda í sveitum. Í hvíta kjötinu, svína og kjúklingarékt dregur samþjöppunin úr fæðuöryggi á þann veg að ef alvarlegir sjúkdómar koma upp á búunum þá liggur svo stórt hlutfall heildar stofnsins undir. Velta má því fyrir sér hvort þetta sé að verða vandamál í nautgriparéktinni nú þegar kúabúin eru komin niður fyrir sjöunda hundraðið og framleiðslan fer að mestu fram á tveimur landssvæðum. Ætli mesta fjárhagslega hagræðingin fengist ekki

með því að leggja landbúnaðinn niður og flytja alla matvöru inn? En það væri frekar grunnhyggið skammtíma sjónarmið sem reyndar ákveðin öfl í samfélaginu hafa talað fyrir. Sem betur fer hafa ráðamenn þjóðarinnar hingað til horft til fleiri þátta en skammtíma gróða þótt þeir hafi um leið þurft að dansa á milli margra þátta hvað þetta varðar. Gæta þarf að halda matvöru verði niðri, gæta að fæðu- og matvælaöryggi, treysta byggð og efla atvinnu um allt land og viðhalda þeim fornu búfjárstofnum sem fyrir finnast í landinu.

Landbúnaðurinn er í raun í höndum þeirra strauma sem ríkjandi eru í pólitíkinni hverju sinni. Nú vofir yfir landbúnaðinum aðildarumsókn að Evrópusambandinu sem ef næði fram að ganga væri mjög svo bagalegt fyrir landbúnaðinn samkvæmt úttekt bændasamtakanna á áhrifum inngöngu Íslands í sambandið (Bændasamtök Íslands, 2009). Samkvæmt þessari úttekt myndi framleiðsla hvíta kjötsins að öllum líkindum þurrkast út og aðrar kjötgreinar ættu mjög svo undir högg að sækja vegna aukins framboðs á innfluttu kjöti. Jafnvel kindakjötinu væri ógnað af þessum innflutningi þótt ekki yrði um innflutt kindakjöt að ræða heldur stæðist það ekki áhlaup ódýrara innflutts kjöts þótt annarrar tegundar væri. Ef þessi greining reyndist rétt er stórlega verið að grafa undan fæðuöryggi þjóðarinnar með inngöngu Íslands í Evrópusambandið. Hingað til hefur verið eins og stór hluti þjóðarinnar hafi ekki gert sér grein fyrir hve mikilvægt er fyrir klettaeyju út í miðju Atlantshafi að framleiða matvæli sín sjálf, að vera ekki háð innflutningi um helstu lífsnauðsynjar. Hugsanleg innganga í Evrópusambandið er ein ógnin en langt frá því að vera sú eina. Mannkyni fjölgar og ásælni í ræktarlönd eykst á sama tíma og hlýnun jarðar gengur á ræktarlöndin og minnkar þau. Það gæti nú verið að gosið í Eyjafjallajökli veki Íslendinga til vitundar um mikilvægi íslensks landbúnaðar. Gosið hefur hamlað flugsamgöngum um alla Evrópu þrátt fyrir að vera samkvæmt fræðimönnum frekar lítið gos og í raun bara sýnishorn miðað við hvernig gos úr Kötlu gæti verið. En á þessum skamma tíma sem gosið hefur varað hefur orðið skortur á vörum með stuttan líftíma (Eyjan, 2010).

Það er víst Íslendinga sjálfra að ákvarða framtíð landbúnaðarins. Viljum við íslenskan landbúnað og ef svo er á kvaða forsendum. Svína- og kjúklingarækt er að mestu ástunduð í stórum einingum sem kalla má verksmiðjubú á íslenskan mælikvarða á meðan nautgripa- og sauðfjárrækt eru enn sem komið er rekin sem fjölskyldubú upp á gamla mátann.

Nú er vægi svína-, kjúklinga- og kindakjöts nokkuð líkt á kjötmarkaði og væri þá nokkuð úr vegi að festa það hlutfall í sessi og stjórna framleiðslu og verði út frá því. Það myndi koma jafnvægi á kjötmarkaðinn, gera mögulegt að finna út hæfilegt verð og dreifa áhættunni hvað fæðuöryggi varðar. Fyrir séð er að með auknu vægi hvíta kjötsins þá dregst matvælaframleiðslan á enn færri hendur því það munu ekki koma inn nýir framleiðendur til að framleiða viðbótina heldur munu þeir sem fyrir eru stækka enn meira.

Hik kom á flesta viðmælendur mína haustið 2008 þegar ég spurði þau hvað væri til ráða. Vandamálið væri það stórt og flókið að lausn virtist ekki vera í sjónmáli. En það má segja að bændurnir hafi verið sammála um það að bankarnir verði að sýna velvilja og ganga ekki hart að eignum bænda. Áhersla kjúklingaframleiðendanna var helst á að koma stöðuleika á gjaldmiðilinn með einhverju móti. Annar þeirra sagði ómögulegt að reka fyrirtæki við svo sveiflukenndan gjaldmiðil. Svínabóndinn vildi efla landbúnaðinn, auka styrki til kornræktar til þess að gera kornrækt samkeppnishæfa við það sem gerist í Evrópusambandinu. Annars komu tvær neðangreindar tillögur einnig fram. Einn vildi reka landbúnaðarráðherrann og senda hann á trillu eitthvað norður fyrir land og annar vildi reka alla ríkisstjórnina. Nú er bæði þáverandi landbúnaðarráðherra og ríkisstjórn farin frá en þrátt fyrir það á landbúnaðurinn við sömu vandamál að glíma.

Hvað sem öllum þessum vangaveltum líður þá eru það víst þau stjórnvöld sem ríkjandi eru á hverjum tíma sem ákvarða framtíð landbúnaðarins og vonandi haf þann kjark sem þarf til að bera að hann megi blómstra sem best öllum til heilla um ókomna framtíð.

Heimildaskrá

Bændablaðið. (2009). Heimilt að flytja inn djúpfryst svínasæði. Sótt 7. apríl af

[http://www.bbl.is/index.aspx?GroupId=38&TabId=46&NewsItemID=4508&Modules
TabsId=191](http://www.bbl.is/index.aspx?GroupId=38&TabId=46&NewsItemID=4508&ModulesTabsId=191)

Bændasamtök Íslands. (2008). *Framleiðsla og sala búvara árið 2007 - metframleiðsla á mjólk og mest selt af alifuglakjöti*. Sótt 20. apríl 2010 af

[http://www.landbunadur.is/landbunadur/wgbi.nsf/df023bde358b3bb700256b270046b2
74/040aed46f040296f002573d40056e38b?OpenDocument](http://www.landbunadur.is/landbunadur/wgbi.nsf/df023bde358b3bb700256b270046b274/040aed46f040296f002573d40056e38b?OpenDocument)

Bændasamtök Íslands. (2009). *Íslenskur landbúnaður og Evrópusambandið*. Sótt 18. apríl af

<http://bondi.is/lisalib/getfile.aspx?ite mid=1312>

Bændasamtök Íslands. (2010). *Hagtölur landbúnaðarins*. Bændasamtök Íslands. Reykjavík.

Bændasamtök Íslands a. (e.d.). *Ársuppgjör 2009*. Sótt 13. apríl 2010 af

<http://bondi.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=2563>

Bændasamtök Íslands b. (e.d.). *Kýr sem mjólkkuðu yfir 800 kg mjólkur síðustu 12 mánuði*. Sótt

13. apríl 2010 af <http://bondi.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=2565>

Bændasamtök Íslands c. (e.d.). *Áætlanir og rekstrargreining. Rekstrargreiningarlíkan fyrir sauðfjárbú*. Sótt 24. apríl af <http://www.bondi.is/pages/156>

Eyjan. (2010). *Stefnir í skort á ferskum kryddjurtum og ávöxtum með stuttan líftíma*. Sótt 22.

apríl 2010 af [http://eyjan.is/blog/2010/04/20/stefnir-i-skort-a-ferskum-kryddjurtum-
og-axoxtum-med-stuttan-liftima/](http://eyjan.is/blog/2010/04/20/stefnir-i-skort-a-ferskum-kryddjurtum-og-axoxtum-med-stuttan-liftima/)

Friðrik G. Olgeirsson. (2003). *Alifuglinn. Saga alifuglaræktar frá landnámi til okkar daga*.

Reykjavík. Félag eggjaframleiðenda.

Friðrik G. Olgeirsson. (2005). *Saga svínaræktar á Íslandi frá landnámi til okkar daga*.

Reykjavík. Svínaræktarfélag Íslands.

- Guðbergur Egill Eyjólfsson. (2008). *Sýn íslenskra bænda á landbúnaðinn í upphafi kreppu*. Óbirt skýrsla. Samfélags- og hagþróunarfræði. Félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri.
- Guðrún Ása Grímsdóttir. (1996). *Um landnám á Íslandi: Fjórtán erindi*. Vísindafélag íslendinga. Reykjavík.
- Hagþjónusta landbúnaðarins. (2008). *Árskýrsla 2008*. Sótt 14. apríl 2010 af http://www.hag.is/pdf/Skyrsla_2008_lokautgafa.pdf
- Hallgerður Gísladóttir. (1999). *Íslensk matarhefð*. Mál og menning. Reykjavík.
- Íslenska landnámsáætlun. (e.d.). *Ágrip af sögu ERL*. Sótt 21. apríl af http://www.haena.is/index.php?option=com_content&view=category&layout=blog&id=3&Itemid=6
- Hjörtur Ágústsson. (2009). *Fjölbreytt fæða til frambúðar: Fæðuöryggi og grænmetisrækt á Íslandi*. BA ritgerð í hug- og félagsvísindum. Háskólinn á Akureyri.
- Jón Torfason og Jón Viðar Jónmundsson. (2001). *Íslenska mjólkurkýrin*. Bókaútgáfan Hofi.
- Jón Torfason og Jón Viðar Jónmundsson. (2000). *Íslenska sauðkindin*. Bókaútgáfan Hofi.
- Landsamband kúabænda. (2010). *Hvernig dreifist mjólkurframleiðslan um landið?* Sótt 17. apríl af http://naut.is/Default.asp?sid_id=117&tId=2&fre_id=101499&meira=1&Tre_Rod=008|&qsr
- Morgunblaðið. (2010). *Arion tekur yfir svínabú*. Sótt 21. apríl af http://www.mbl.is/mm/vidskipti/frettir/2010/03/06/arion_tekur_yfir_svinabu/
- Runólfur Sigursveinsson. (2010). *Skuldamálið kúabænda*. Sótt 21. apríl 2010 af http://74.125.77.132/search?q=cache:ge-FS4oMsG4J:www.naut.is/Files/Skra_0040881.ppt+skuldir+k%C3%BAab%C3%A6nda&cd=1&hl=is&ct=clnk&gl=is

- Sigurgeir Þorgeirsson, Erna Bjarnadóttir og Þórarinn E. Sveinsson. (2004). Atvinnuvegur á krossgötum. *Staða búgreina á breyttum tímum*. Sótt 8. apríl af [http://www.landbunadur.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/0/2204d0250165d57a00256e2f00565044/\\$FILE/04-e-STH&EB&THES.PDF](http://www.landbunadur.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/0/2204d0250165d57a00256e2f00565044/$FILE/04-e-STH&EB&THES.PDF)
- Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið a. (2010). Skýrsla starfshóps um eflingu svínaræktar og innlendrar kjarnfóðurframleiðslu. Sótt 7. apríl af http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/media/Skyrslur/Skyrsla_um_eflingu_svinaraktar.pdf
- Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið b. (2010). *Fréttatilkynningar*. Nr. 14/2010 - Staðan í skuldamálum bænda, fundur í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu 26. Febrúar 2010. Sótt 18. apríl af <http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/9968>
- Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið c. (2010). *Landbúnaður og þróun dreifbýlis*. Sótt 12. apríl af http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/media/Skyrslur/Landbunadur_og_troun_dreifbylis.pdf
- Sproti. (2009). *Skýrsla um þróun fjósgerða og mjaltatækni á Íslandi 2007-2009*. Unnið fyrir Landsamband kúabænda.
- Stefanía Nindel og Sveinn Agnarsson. (2002). *Athugun á framleiðni og skilvirkni á íslenskum kúabúum 1993-1999*. Sótt 13. apríl 2010 af [http://www.landbunadur.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/5ed2a07393fec5fa002569b300397c5a/94d7f6b01b8e1f6e00256dcc004faaa4/\\$FILE/sn-og-sa.pdf](http://www.landbunadur.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/5ed2a07393fec5fa002569b300397c5a/94d7f6b01b8e1f6e00256dcc004faaa4/$FILE/sn-og-sa.pdf)
- Stefán Aðalsteinsson. (1981). *Sauðkindin, landið og þjóðin*. Reykjavík. Bjallan hf.
- Viðskiptablaðið. (2009). *Kúabændur skulda á fjórða tug milljarða*. Sótt 18. apríl af <http://www.vb.is/frett/1/56869/>

Þingskjal 194. (2002-2003). *Tillaga til þingsályktunar um verndun íslensku mjólkurkýrinnar.*

Sótt 13. apríl af <http://www.althingi.is/altext/128/s/0194.html>